

Fyrirspurn

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig skipulagsyfirvöld og meirihlutinn hyggst bregðast við mótmælum íbúa Grafarvogs vegna fyrirhugaðrar byggingu á fjölbýlishúsi á lóð við Smárarima/Sóleyjarima en með því er gengið á grænan reit?

Greinargerð

Stofnaður hefur verið undirskriftalisti til að mótmæla áformum um að byggja stórt fjölbýlishús með 65-96 íbúðum á lóð á mótí Rimaskóla, við Smárarima/Sóleyjarima. Margir íbúar hafi áhyggjur af þessu, þar sem verið væri að skerða mikilvægt útivistarsvæði sem er mikið notað af íbúum. Einnig geti byggðin ofhlaðið skóla og leikskóla sem þegar eru fullnýttir, og aukið umferð á svæðinu með tilheyrandi hættu fyrir börn. Nú reynir á samráðsfærni meirihlutans við borgarbúa. Allt of mikið hefur verið gengið á græn svæði frá því síðasti meirihluti hóf að þetta byggð. Græn svæði gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Rannsóknir sýna að nálægð við græn svæði geti dregið úr streitu, bætt andlega heilsu og aukið líkamlega virkni. Græn svæði séu lykilatriði í sjálfbærri þróun borgarsamfélaga og bæti lífsgæði íbúa á fjölbreyttan hátt. Um þetta hefur fulltrúi Flokks fólksins oft fjallað um bæði í ræðu og bókunum. Samhliða þéttingu byggðar í Grafarvogi hefur ekki verið útfært hvernig umferð verði háttáð og aðgengi í ljósi þess að bílum fer fjölgandi. Hér er um úthverfi að ræða og ekki hægt að ætlast til að allir hoppi á hjólið.